



Laufblaðið

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

20. árg. 2011 1. tbl.

Alþjóðaár skóga 2011

Hús Skógræktarfélags Kópavogs í
Guðmundarlundi

Skógarhögg hjá Skógræktarfélagi
A-Skaftfellings

Skógarferð til Skotlands

Fjölbreytt fuglalíf í Höfðaskógi

Grisjun hjá Skógræktar- og
landverndarfélaginu undir Jökli

Tuttugu ára trjárækt í Vatnahverfi

Fulltrúafundur skógræktarfélaganna

Alþjóðaár skóga 2011

Alþjóðaár skóga á Íslandi

Merki alþjóðaárs skóga

Laufblaðið rafvæðist

Skógur á Miðnesheiði

Atvinnuáttak Skógræktarfélags Íslands
2011: Skapar á annað hundrað ársverk

Efla skógrækt í Laufdölum

Ýmislegt í gangi hjá Skógræktarfélagi
S-Pingeyinga

Tré í Reykjavík

Vetrarskógar

Vorgátan



Alþjóðaár skóga 2011

Sameinuðu þjóðirnar hafa lýst árið 2011 alþjóðaár skóga og er því ætlað að auka vitund fólks um mikilvægi skóga og styrkja sjálfbæra umhirðu, vernd og vöxt skóga til hagsbóta fyrir núverandi og komandi kynslóðir.

Hér á landi var árið formlega sett við athöfn á Bessastöðum 12. janúar er Ólafí Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, var



ALÞJÓÐLEGT ÁR
SKÓGA - 2011

afhentur fáni með íslenskri útfærslu alþjóðlegs merkis Sameinuðu þjóðanna um ár skóga 2011, af fulltrúum skógar-geirans á Íslandi.

Nánari upplýsingar verða á síðunni www.arskoga2011.is, sem opnuð verður á Degi umhverfisins þann 25. apríl en þar verður að finna upplýsingar um ýmsa viðburði tengda árinu hér á landi.



Allir lesa Laufblaðið!





Nýja húsið verður glæsilegt þegar það verður fullbúið (Mynd: Bragi Michaelsson).

Hús Skógræktarfélags Kópavogs í Guðmundarlundi

Skógræktarfélag Kópavogs hóf haustið 2009 að byggja nýtt „Fristunda- og fræðslusetur“ í Guðmundarlundi í Kópavogi. Fyrir hönd félagsins langar mig að upplýsa skógræktarfolk um land allt um þessar framkvæmdir á vegum félagsins og tilgang þeirra.

Húsinu er ætlað að vera fyrir almenna þjónustu á svæðinu við gesti yfir daginn. Í samningi Kópavogsbæjar og félagsins frá 2006 segir: „Guðmundarlundur verður framtíðar útivistar- og skógræktarsvæði og skuldbindur Kópavogsbær sig til að færa svæðið undir bæjarvernd.“ Þá kemur enn fremur fram í 2. lið sama samkomulags: „...og styrkja félagið um 20. mkr. til að byggja félags- og þjónustuhús ásamt fræðslusetri, sem nýtt yrði fyrir Skógræktarfélagið, grunnskóla og leikskóla bæjarins“. Árið 2009 náðu Kópavogsbær og félagið samkomulagi um að fyrsti áfangi Græna stígsins svo kallaða yrði gerður það ár í gegnum Guðmundarlund, sem var forsenda þess að þessar framkvæmdir gætu hafist.

Tilvalið verður að nýta húsið fyrir umhverfisfræðslu fyrir allt grunn-skólastigið. Á vorin er gróður að taka við sér, á haustin eru haustlitirnir og frætísla og yfir veturinn er umhverfið í vetrarbúningi. Húsið nýtist einnig allt árið fyrir komur hópa í Guðmundarlund. Salernisaðstaða verður fyrir hópana í húsinu og hægt að nýta salinn ef veður leyfir ekki útiveru, til dæmis fyrir nestistíma. Þegar gróðursett er í Yrkjuskóga verður mögulegt að koma við í Guðmundarlundi og nýta tíma enn frekar til útikennslu. Í stað lengri vorferða nemenda má nýta svæðið í þeim tilgangi, sem auðveldar foreldrum að taka þátt í því skólastarfi. Þá má nýta húsið til eflingar foreldrarstarfs í skólum, fundahöld, föndurdaga og fleira. Leikskólar nýta

svæðið mjög mikið í dag, sérstaklega á vorin og haustin. Þá koma hópar frá nágrannaskólunum oft í heimsókn á öðrum tímum. Húsið mun nýta mjög vel fyrir þessa hópa og til umhverfismenntunar á öllum skólastigum.

Fundi á starfsdögum kennara í grunn- og leikskólum er tilvalið að halda í húsinu, því þar er næði, fallett umhverfi og gott að fara í gönguferðir milli atriða á slíkum dögum. Gert er ráð fyrir að allur búnaður fyrir slíka fundi verði í húsinu, þar á meðal eldhús þannig að hægt verði að koma með mat og framreiða hann á staðnum. Til umræðu hefur komið að húsið megi nýta til að bæta aðstöðu til skátastarfs í austurhluta Kópavogs og fyrir eldri skáta í styttri útilegur og námskeið um helgar.

Auðvelt verður að nýta húsið til útivistar, gönguferða og íþróttar fyrir alla, ekki síst eldri borgara í bænum, en Vatnsendaheiði, Elliðavatn og Heiðmörk eru þarna í göngufæri. Rætt hefur verið um það sem verkefni í sumar að bæta gönguleiðir um Vatnsendaheiði. Nýta má húsið fyrir gönguklúbba sem nýta þetta svæði og næsta umhverfi. Samvinna er ráðgerð við hestamenn og hundaeigendur. Hestamenn hafa sýnt áhuga á að við komum upp kaffisölu um helgar sem þeir geti nýtt sér á ferðum sínum og þegar þeir fá heimsóknir frá öðrum félögum, en fjölbreyttar reiðleiðir eru á Vatnsendaheiði. Hundaeigendur geta einnig nýtt sér aðstöðu að uppfyllt um skilyrðum.

Húsið má nota fyrir fundahöld starfsmanna Kópavogsbæjar og alls konar námskeið á vegum bæjarins og tengdra aðila, svo sem forvarnarnámskeið fyrir flokksstjóra og stjórnendur í Vinnuskólanum og fjölmörg námskeið á vegum starfsmannafélagsins og

bæjarins. Oft eru að koma í heimsókn hópar, til dæmis bæjarfulltrúa úr öðrum sveitarfélögum. Þá er tilvalið að halda fundi á vegum bæjarstjórnar auk fleiri tengdra aðila, svo sem Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Sorpu. Þá koma stundum hópar frá vinabæjum í heimsókn og íþróttahópar til keppni í bænum og má auðveldlega nota aðstöðu á svæðinu fyrir slíka aðila. Þá vil ég líka minna á að húsið bætir verulega úr þörf fyrir góða aðstöðu til útivistar fyrir fatlaða og dvöl vegna vinnuhópa fatlaðra á sumrin.

Félagið hefur þegar lagt út um 55 milljónir króna til byggingar á húsinu og er styrkur Kópavogsbæjar þar af um 20 milljónir króna. Engin lán hafa verið tekin vegna framkvæmdanna. Að auki hefur félagið á árunum 2009 og 2010 verið með umfangsmiklar framkvæmdir við að bæta útivistaraðstöðu í Guðmundarlundi. Nemur kostnaður á þessum tveimur árum við þær framkvæmdir um 24 milljónum króna og er styrkur Kópavogsbæjar um helmingur þeirrar upphæðar.

Vinna við þetta verkefni hefur meðal annars verið unnin með atvinnuátaki á vegum félagsins, Kópavogsbæjar og Skógræktarfélags Íslands. Þessar framkvæmdir hafa meðal annars bætt aðgengi fatlaðra að svæðinu þar sem búið er að gera malbikaðan stíg (hluti Græna stígsins) um svæðið og er hann upplýstur. Þá er komið vatn og rafmagn á svæðið.

Á tímum atvinnuleysis og erfiðleika í okkar þjóðfélagi er mikilvægt að félagsamtök eins og skógræktarfélagin sýni styrk sinn og ekki síður hve hlutverk skóga og umhverfis er mikilvægt í okkar samfélagi.

F.h. Skógræktarfélags Kópavogs
Bragi Michaelsson.

Laufblaðið

Fréttablað, 20. árgangur 1. tölublað 2011.
Laufblaðið er sent endurgjaldslaust til allra félagsmanna í skógræktarfélagunum. Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi færð þú Laufblaðið og Frækornin send heim reglulega.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
sími: 551-8150
heimasíða: www.skog.is

Ritstjóri:

Ragnhildur Freysteinsdóttir.
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur.

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Umbrot og prentun:

Ísafoldarprentsmiðja.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands kjörin á aðalfundi 2010:

Magnús Gunnarsson formaður,
Sigrún Stefánsdóttir varaformaður,
Guðbrandur Brynjólfsson gjaldkeri,
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari.

Meðstjórnendur:

Gísli Eiríksson
Páll Ingþór Kristinsson
Þuríður Yngvadóttir.

Varamenn:

Sigríður Heiðmundsdóttir
Kristinn Þorsteinsson
Vilhjálmur Lúðvíksson.

Eftirtalin fyrirtæki eru
aðalstyrktaraðilar
Skógræktarfélags Íslands



OLÍUVERZLUN
ÍSLANDS HF

REYKJAVÍK S: 414-8600 / AKUREYRI S: 464-8600 / www.VBL.is

AVANT FRÁBÆRT FINNSKT
LÍPUR GRIPUR FJÖLNOTATÆKI



Lágur rekstrarkostnaður
Lípur í akstri
Örugg og þægileg í umgengni
Vökvaknúinn í aldrifi
Kraftmikill dráttarjálkur



AVANT 528
Diesel
Hæð: 198 sm
Breidd: 110 sm
Þyngd: 1.150 kg
Lyftihæð: 2,80 m
Lyftigeta: 950 kg
Hestöfl: 28



AVANT 220
Bensín
Hæð: 186 sm
Breidd: 96 sm
Þyngd: 620 kg
Lyftihæð: 1,40 m
Lyftigeta: 350 kg
Hestöfl: 20

Í BOÐI ERU HÁTT Í 100 VERKFAERI



VB
LANDBÚNAÐUR ehf.
VBL Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-8600	AKUREYRI Óseyri 1 603 Akureyri Sími: 464-8600
---	--



Skógarhöggsmenn með beinvaxinn bol, sem mun nýtast vel til smíða (Mynd: Rannveig Einarsdóttir).

Skógarhögg hjá Skógræktarfélagi A-Skaftfellinga

Skógræktarfélag A-Skaftfellinga er með skemmtilegan skógarreit í Haukafelli á Mýrum, þar sem er hið ágætasta tjaldsvæði. Eins og gengur þarf auðvitað að grísa skóginn inn á milli og er þá ekki verra ef hægt er að nýta efniviðinn, sem til fellur, á staðnum til að bæta aðstöðuna. Til stendur að nýta efnivið úr skóginum í Haukafelli til að byggja úr grillskýli. Til að afla efnis var því farið í skógarhögg fyrir stuttu. Voru valin úr sverustu trén, en þau voru gróðursett um miðjan 9. áratuginn. Voru felld bæði lerki- og sitkagrenitré. Skógræktarfélagið mun nota lerkið í grillskýlið, en sitkagrenið var fengið til nota í tilraunaverkefni með klæðningu „þurrklósetta“ hjá aðila á svæðinu.



Skógarhöggsmenn að störfum í skóginum (Mynd: Rannveig Einarsdóttir).

Skógarferð til Skotlands

Skógræktarfélag Íslands hefur um áráraðir staðið fyrir fræðsluferðum á erlenda grund. Í ár er stefnan tekin til Skotlands í lok september og verður ferðin undir dyggri leiðsögn Alexander „Sandy“ Robertson, sem er mörgu skógræktarfólki hérlandis að góðu kunnur.

Flogið verður til Glasgow og farið þaðan í viku ferð um Hálöndin til að skoða skóga, merkilega sögustaði og fallega náttúru, en á þessum tíma má gera ráð fyrir fallegum haustlitum. Byrjað verður á að aka til Inverness og gista þar tvær nætur. Á dagskránni þar er m.a. dagsferð til eyjarinnar Skíð (Skye), sem er ein af Suðureyjum Skotlands, Loch Ness, viskíverksmiðja, kastalar og skógar. Frá Inverness er ekið um hjarta Hálandanna suður á bóginn, kíkt á hæsta tré Bretlands og endað í smábænum Drymen, en þar verður gíst það sem eftir lifir ferðar. Næstu daga verður m.a. á dagskránni heimsókn í kastala, skóga, sigling á gufuskipi á Loch Katrine og heimsókn í trjásafnið í Benmore, auk þess sem fulltrúi skosku skógstjórnarinnar (Forestry Commission) mun fræða ferðalangana um skógarmál í Skotlandi. Í lok ferðar verður frjáls tími í Glasgow, sem nýta má til skoðunar og verslunar.

Í þessa ferð okkar, líkt og aðrar, gildir að fyrstur kemur, fyrstur fær. Ferðin hefur fengið góðar viðtökur og því eru AÐEINS ÖRFÁ SÆTI LAUS Í FERÐINA!

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands (www.skog.is) undir Ferðir.



Typar® jarðvegsdúkur



Hentar fyrir:

- Blómabeð
- Hellulagnir
- Göngustíga
- Sólpalla

- Hindrar vöxt illgresis
- Hemill á rótarvöxt
- Ræktun á lélegum jarðvegi
- Hindrar blöndun jarðvegs



Poulsen Skeifan 2 Sími: 530 5900 Fax: 530 5910
www.poulsen.is / poulsen@poulsen.is
VIÐ OPNUM KL:08:00.

Fjölbreytt fuglalíf í Höfðaskógi

Starfsmenn Skógræktarfélags Hafnarfjarðar hafa lengi fóðrað fugla við bækistöðvar félagsins í Höfðaskógi. Fóðrið er fjölbreytt en samanstendur aðallega af eplum, kjötmeti, mör, brauði og korni. Mikill fjöldi fugla er því yfirleitt á hlaðinu við Selið og heimsækja margir fuglaskoðarar skóginn af þeim sökum. Yfir vetrarmánuðina eru starar, skógarprestir, svartprestir, auðnutittlingar, snjótittlingar og hrafnar mest áberandi. Í vetur hefur einn glóbrystingur kíkt reglulega við til að ná sér í bita en það er ekki í fyrsta sinn sem þessi fallegi fugl heldur til í skóginum. Í nóvember var hér einn hettusöngvari en sú tegund er algengur flækingur hérlendis eins og glóbrystingurinn. Silkitoppur og gráprestir hafa einnig komið í æti á hlaðinu í vetur en þessar tegundir eru algengir vetrargestir hérlendis. Glókollar og músarrindlar halda einnig til í skóginum yfir vetrarmánuðina en sækja ekki í æti sem lagt er út. Einnig hefur sést til krossnefja en þeir hafa ekki kíkt í mat! Sá fugl sem vakti þó mesta athygli var brúnheiðirinn sem birtist í nóvember og hélt til á svæðinu fram í febrúar síðastliðinn. Brúnheiðir er sjaldgæfur flækingur og mun þetta hafa verið tíundi fuglinn sem sést hérlendis svo vitað sé. Brúnheiðir er ránfugl á stærð við hrafn sem lifir aðallega á nagdýrum en einnig fuglum. Brúnheiðir verpir í sunnanverðri Skandinavíu, á Bretlandseyjum og víðar. Vetrarstöðvarnar eru í sunnanverðri Evrópu og Afríku þannig að fuglinn í Höfðaskógi hefur heldur betur villst af leið. Brúnheiðirinn átti það til að koma og ná sér í kjötbíta hjá okkur þótt hann væri býsna var um sig.

Steinar Björgvinsson



Glóbrystingur á grein í Höfðaskógi (Mynd: Björgvin Sigurbergsson).



Brúnheiðir á flugi í Höfðaskógi (Mynd: Björgvin Sigurbergsson).



Skrautleg silkitoppa (Mynd: Björgvin Sigurbergsson).



Grisjun hjá Skógræktar- og landverndarfélaginu undir Jökli

Í vetur hefur verið unnið að snyrtingu og grísjun í Tröðinni, Opnum skógi, hjá Skógræktar- og landverndarfélagi undir Jökli á Hellissandi. Fyrir jólin auglýsti félagið að öllum væri frjálst að koma í Tröðina og fá ókeypis greinar og var það vel þegið af mörgum. Þróstur Þorsteinson, sem vann mikið að grísjuninni, tók sig svo til og sagaði mikið af greinum sem til féllu í arinvið. Á myndinni er þeir Þróstur (t.h.) og Skúli Alexandersson, formaður félagsins, á vettvangi.

gróðurmold
garðyrkjumannsins


flúðamold

100% íslensk ræktunarmold, lífræn

Úrvalsmold
fyrir alla ræktun

- Umpottun á stofublómum
- Í útikerið og svalakassann
- Í garðinn og gróðurhúsið
- Uppeldi á sumarblómum og grænmeti

Flúðamold er framleidd úr íslenskri mómold, myltum sveppamassa og Hekluvikri.



Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Reykjavík

Alþýðusamband Íslands,
www.asi.is, Sætúni 1
B.K.flutningar ehf, Krosshömrum 2
Bílasmiðurinn hf, sími 567 2330,
Bíldshöfða 16
Blikksmiðja Reykjavíkur, Súðarvogi 7
Boreal ehf - Ferðapjónusta,
Austurbergi 18
Bókhalðspjónusta Gunnars, Ármúla 29
BSR ehf, Skógarhlíð 18
Dyjandi ehf, Skeifunni 3h
Efling stéttarfélag, Sætúni 1
Eignamiðlunin Reykjavík og
Mosfellsbæ, Síðumúla 21
Endurvinnslan hf, Knarrarvogi 4
Ernst & Young hf, Borgartúni 30
Eyrir fjárfestingafélag ehf,
Skólavörðustíg 13
Farfuglar, Borgartúni 6
Faxaflóahafnir sf, Hafnarhúsi
Tryggvagötu 17
Garðmenn ehf, Skipasundi 83
Garðyrkjunjónustan ehf,
Skiptiholti 29b
Gaukshreiðrið ehf, Ármúla 36
Gátun ehf, Lágmúla 5
GB Tjónaviðgerðir ehf, Draghálsi 6-8
Gestamóttakan ehf -
Your Host in Iceland,
Kirkjutorgi 6
Gjögur hf, Kringlunni 7
Gullsmiðurinn í Mjódd, Álfabakka 14b
Háskóli Íslands, Suðurgötu
HGK ehf, Laugavegi 13
Hilmar D. Ólafsson ehf, Eldshöfða 14
Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
Iceland Travel, Skútuvogi 13 a
Íslenska Gámafélagið ehf, Gufunesi
Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
KOM almannatengsl, Borgartúni 20
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11
Landsnet hf, Gylfaflöt 9
Lánstraust hf -
Creditinfo, Höfðabakka 9
Lífstykkiabúðin ehf, Laugavegi 82
Lögsýn ehf, Skiptiholti 50D
Löndun ehf, Kjalarvogi 21
Meistarafélag húsasmiða, Skiptiholti 70
Melabúðin ehf, Hagamel 39
Nexus afþreying ehf, Hverfisgötu 103
Penninn
Prentsmiðjan Oddi hf, Höfðabakka 7

Rafeindastofan ehf, Faxafeni 12
Rafstilling ehf, Dugguvogi 23
Raftíðni ehf, Grandagarði 16
Redken hárvörur, Kringlunni 7
Ríkisendurskoðun, Skúlagötu 57
Rolf Johansen & Co ehf, Skútuvogi 10a
Samiðn, Borgartúni 30
Skúlason og Jónsson ehf, Skútuvogi 6
Sláturfélag Suðurlands svf, Fosshálsi 1
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs,
Skógarhlíð 14
Tannréttingar sf, Snorrabraut 29
Tannsmiðjan Króna sf,
Suðurlandsbraut 46
Túnpökupjónustan ehf,
sími 897 6651, Lindarvaði 2
Tölvu- og tækniþjónustan ehf,
Grensásvegi 8
Umhverfis- og samgöngusvið
Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14
Umslag ehf, Lágmúla 5 (bakhús)
Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27
V.R., Kringlunni 7
Verkfræðistofan VIK ehf,
Laugavegi 164
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
Þ Þórgrímsson og Co ehf,
Ármúla 29

Kópavogur

Bílaþvottastöðin Löður ehf, Bæjarlind 2
Byggðapjónustan bókhald,
Auðbrekku 22
dk hugbúnaður ehf., dk.is,
Hlíðasmára 17
Hvellur - G. Tómasson ehf,
Smiðjuvegi 30
Kríunes ehf, Kríunesi við Vatnsenda
Toyota á Íslandi hf, Nýbýlavegi 4-8
Vetrarsól ehf, Askalind 4

Garðabær

Geislatækni ehf, Laser-þjónustan,
Suðurhrauni 12c
Ísafoldarprentsmiðja ehf,
Suðurhrauni 1
Manus ehf, Smiðsbúð 7
Miklartorg hf - IKEA, Kaupúni 4
Raftækniþjónusta Trausta
ehf, Lyngási 14
Samhentir Umbúðarlausnir,
Suðurhrauni 4
Suðurtún ehf, Súlunesi 12
Öryggisgirðingar ehf, Suðurhrauni 2

Hafnarfjörður

Alexander Ólafsson ehf, Álfhelli 1
Fjörukráin - Hótel Víking,
Strandgötu 55
Fura málmendurvinnslan ehf,
Hringhelli 3
Hafnarsport.is, Fornubúðum 8
Hagtak hf, Fjarðargötu 13-15
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð,
Gullhelli 1
Hvalur hf
Polarolje, sími 698 7999,
Heiðvangi 26
Rafrún ehf, Gjótuhrauni 8
RST Net ehf, Álfhelli 6
Trésmiðjan okkar ehf, Lyngbergi 19a
Verkalýðsfélagið Hlíf,
Reykjavíkurvegi 64

Reykjanesbær

Aflbinding ehf, Kliftröð 5
Íslenska félagið ehf, lðavöllum 7a
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Samband sveitarfélaga á
Suðurnesjum, lðavöllum 12
Verslunarmannafélag Suðurnesja,
Vatnsnesvegi 14
Æco bílar ehf, Njarðarbraut 19

Grindavík

Einhamar Seafood ehf, Verbraut 3a
Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

Mosfellsbær

Ísfugl ehf, Reykjavegi 36
Kjósarhreppur, www.kjos.is, Ásgarði
Nonni litli ehf, Þverholti 8
Röðull bílaverkstæði, Flugumýri 6
Vélsmiðjan Orri ehf, Flugumýri 10

Akranes

GT Tækni ehf, Grundartanga
Straumnes ehf, rafverktakar,
Krókatúni 22-24

Borgarnes

Eyja- og Miklaholtshreppur,
Hjarðarfelli 2
Kaupfélag Borgfirðinga, Egilsholti 1
Landbúnaðarháskóli Íslands,
Hvanneyri
Sæmundur Sigmundsson ehf, Brákarey

Stykkishólmur

Málflutningsstofa Snæfellsness ehf,
Aðalgötu 2

Tuttugu ára trjárækt í Vatnahverfi

Á síðast liðnu ári voru 20 ár liðin frá fyrstu gróðursetningunni í Landgræðsluskógaverkefninu í Vatnahverfi norðan Blönduóss. Vatnahverfi er eitt af útivistarsvæðum Blönduósinga. Landslag þar er fjölbreytt með skjólgóðum bollum, tünnum, melum og grasigrónum brekkum. Fuglalíf er fjölbreytt og fer tegundum fjölgandi sem verpa á svæðinu. veiði er í vötnunum, gott berjaland og nfu holu golfvöllur. Í nokkur ár var rekið skíðasvæði í Vatnahverfi en vegna hlýrri vetrarveðráttu síðustu árin hefur svæðið ekki nýst til skíðaiðkunar, nema að gott er að vera á gönguskíðum á vötnunum og vegslóðum. Hið fjölbreytta landslag gerir landið líka mjög misjafnt til skógræktar, þar sem finna má allt frá graslendi og niður í grjótharða leirkennda mela. Úrkomuleysi og skafrenningur hafa ekki farið vel með gróðurinn.

Jörðin var hefðbundin bújörð fram um 1970 en fór þá í eyði. Búskapur var þó stundaður á jörðinni í einhverju

mæli fram á nfunða áratuginn en þá var stór hluti túnanna tekin undir golfvöll. Landið er í eigu Blönduósbæjar. Í byrjun sumars 1990 voru gróðursettar fyrstu trjáplönturnar í Hólmavatnshólfi sem er neðan Skagastrandarvegar. Að verkefninu komu nokkur félagsamtök í Austur-Húnavatnssýslu og Blönduósbær og voru gróðursettar um 12 þúsund birkiplöntur. Næstu ár á eftir sá vinnuskólinn á Blönduósi að mestu um gróðursetninguna. Á síðustu árum hefur verkefnið Yrkju-sjóður/Brekkutré verið með nokkra útplöntun á trjáa á völdu svæði.

Þá hefur Skógræktarfélag A-Húnavetninga komið meira að framkvæmdum. Árið 2010 stóð félagið að stígagerð út frá gamla þjóðveginum til Skagastrandar. Stígurinn var grófjafnaður og settar stikur við hann. Í tilefni tímamótanna voru keypt 20 stór birkitré af Emblukvæmi og þau gróðursett nálægt þeim stað sem fyrsta gróðursetningin fór fram. Skógrækt-



Afmælistrén gróðursett af félagsmönnum og félögum úr golfklúbbum (Mynd: Páll Ingþór Kristinsson).

arsvæðið var kortlagt og skipt í reiti til hagræðingar. Á 20 árum hafa verið gróðursett um 260 þúsund tré - langmest af birki eða um 150 þúsund tré. Stafafuran er mest áberandi í landslaginu og myndar orðið skógarreiti ásamt viðjunni. Spennandi viðjureitur er í deiglendi neðan gamalla útihúsa

þar sem finna má gríðarlegan fjölda af hunangsflugum á sumrin. Birkið hefur einnig náð þokkalegum þroska en það er meira í litlum reitum. Lerki stendur sig nokkuð vel og hefur náð yfir 60 cm ársvexti. Hæstu trén í Vatnahverfi eru nú hátt í 4 m á hæð.

Fulltrúafundur skógræktarfélaganna

Laugardaginn 26. febrúar var fulltrúafundur skógræktarfélaganna haldinn í Harðarbóli í Mosfellsbæ og var Skógræktarfélag Mosfellsbæjar gestgjafi fundarins. Þema fundarins að þessu sinni voru hinar ýmsu skógarnytjar. Á fundinn mættu um 60 fulltrúar frá skógræktarfélögum um land allt.

Fundurinn hófst með ávörpum Þuríðar Yngvadóttur, formanns Skógræktarfélags Mosfellsbæjar og Magnúsar Gunnarssonar, formanns Skógræktarfélags Íslands, en síðan tóku við fræðsluerindi. Fyrstur tók til máls Björgvin Eggertsson, frá Landbúnaðarháskóla Íslands og fjallaði hann um jólatré – framleiðslu þeirra hérlandis, hlutdeild af markaði og framtíðarhorfur. Því næst fjallaði Steinar Björgvinsson, Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar, um trjágreinar sem skreytingarefni, en hann vann lokaverkefni í skógrækt um mat á hentugleika efniviðar úr íslenskri skógrækt til skreytingagerðar. Síðan tók til máls Bjarni Diðrik Sigurðsson, Landbúnaðarháskóla Íslands, og fjallaði hann um sveppi og sveppatínslu. Fór hann yfir helstu matsveppi sem finnast í íslenskum skógum og mat á verðmæti þeirra.

Eftir hádegismat fjallaði Karen Pálsdóttir, Háskóla Íslands, um ber og berjatínslu í Heiðmörk, sem hún rannsakaði sem hluta af stærra verkefni um virði Heiðmerkur. Þá fjallaði Ólafur Erling Ólafsson, Skógræktarfélagi Reykjavíkur, um viðarafurðir – helstu sem nú eru og hugmyndir um framtíðarnot. Björn Traustason, Skógrækt ríkisins, fjallaði svo stuttlega um skógarstaðal sem unnið hefur verið að og prófun hans á einum skógarreita Skógræktarfélags Mosfellsbæjar. Lilja Oddsdóttir kynnti svo félagið Á-vöxtur, sem er hvatafélag um ræktun ávaxtatrjáa á Íslandi.

Eftir töluverðar umræður um efni erinda var haldið í skoðunarferð um nokkra skógarreiti Skógræktarfélags Mosfellsbæjar. Byrjað var í Hamrahlíð, þar sem Ólafur Erling Ólafsson sýndi útkeyrsluvél, sem Skógræktarfélag Reykjavíkur fékk í byrjun nóvember. Því næst var ekið að nýju sumarhúsi Skógræktarfélags Mosfellsbæjar við Hafravatn, en það var byggt í stað húss sem brann í fyrra. Litið var um í Þormóðsdal og svo kíkt á skógarreiti í Mosfellsdal.

Fundinum lauk svo með samkomu í Harðarbóli, félagsheimili Hestamannafélagsins Harðar.



Fulltrúar hlýða á fræðsluerindi á fulltrúafundi skógræktarfélaganna (Mynd: RF).



Fundargestir skoða útkeyrsluvél að störfum í Hamrahlíð, skógarreit Skógræktarfélags Mosfellsbæjar (Mynd: RF).

Alþjóðáár skóga 2

Skógar eru efnahagslega mikilvægir á heimsvísu. Um 300 milljónir manna búa í skógum, yfir 1,6 milljarður byggir afkomu sína á þeim og árleg velta skógarafurða er rúmlega 300 milljarðar dollara. Stór hluti mannkyns notar timbur sem eldivið til upphitunar og matargerðar, auk þess sem það er notað í hús og húsgögn, í pappír og ýmsa smáhluti. Ýmis konar matvara kemur úr skógum og mörg lyf eru unnin úr skógarplöntum, auk þess sem sumar plöntur eru notaðar beint til lækninga. Skógar hafa auk þess visst tilvistargildi í því samhengi, því í þeim gætu leynst lyf framtíðarinnar, en langt er í land með að búið sé að rannsaka skóga heimsins til fullnustu.

Skógar og tré hafa einnig mikið félagslegt gildi. Skógar eru vinsælir til almennrar útivistar, sérstaklega hér á landi vegna skjólsins sem þeir veita. Útivera í skógarreitum getur hjálp-



Mikilvægi skóga er gríðarlegt – sem vistkerfi, uppspretta hráefnis, til útivistar og margt fleira (Mynd: RF).

Alþjóðáár skóga á Ísl

Hulda Guðmundsdóttir, skógarbóndi í Skorradal, heldur utan um dagskrá alþjóðáars skóga á Íslandi á árinu og hefur umsjón með íslenska vefnum. Að hennar mati ber einna hæst heils dags ráðstefna sem haldin verður 28. apríl og fjallar um vinnslu úr íslensku timbri, allt frá manninum á söginni til hugsuðarins í hönnuninni.

„Áherslan sem við viljum ná fram með þessari ráðstefnu er að þoka okkur svolítið upp úr hjólfarinu sem við höfum verið í lengi, vegna þess að við höfum verið svo upptekin af því að planta nógu miklu af allskonar trjám – að rækta skóg – að við höfum svolítið gleymt því að spyrja til hvers við séum að allri þessari fjölnytjaræktun. Á ráðstefnunni viljum við

benda á mikilvægi þess að keðjan frá hrávöruframleiðandanum þ.e. skógareigandanum og til markaðarins sé bæði sývirk og gagnvirk“, segir Hulda. „Við, framleiðendurnir, þurfum stöðugt að vera vakandi fyrir því hverju markaðurinn er móttækilegur fyrir og við þurfum svolítið að móta hann um leið. Það þýðir ekkert að vera með framleiðslu, ef maður hefur enga hugmynd um í hvað hún á að fara. Að sama skapi er engin búgrein, ekkert uppeldi forsvaranlegt ef maður hefur engin markmið. Hvað á að vanda, ef maður veit ekki til hvers er ætlast? Það eru hönnuðir og arkitektar sem fyrst og fremst vinna með hugmyndir sem þurfa að þekkja efniviðinn okkar. Það er hjá þeim sem eftirspurnin verður til og timbrið getur mögulega

þróast í vörur. Allt veltur á því að viðurinn svari þörf og mæti væntingum. Við erum svo heppin að fá alveg frábæra fyrirlesara úr röðum þessara fagstétta til að kynna þeirra sjónarmið og segja okkur líka svolítið frá reynslunni af því að nálgast íslenska efnið og vinna með það. Ég hugsa að sumir verði svolítið undrandi.

Á ráðstefnunni verður spurt ýmissa spurninga. Til dæmis hvort við erum að rækta heppilegustu tegundirnar á Íslandi í dag. Eigum við e.t.v. að einbeita okkur að iðnviðarskógrækt með miklum asparökum og planta þá mun meira af ösp en við gerum í dag, til að svara eftirspurn stórnotenda á borð við Járnblendiverksmiðjuna um kurl til hreinnar brennslu? Eða ættum við kannski að einbeita okkur að íslenska

reyniv
smáv
Getur
A
endur
gera
um s
ingu
og La
meira
íslens
ur þu
ákveð
að leg



Efnivið skógarins má nota í ýmsa smámuni. (Mynd: RF).



Skógar eru vinsælir til útivistar. (Mynd: RF).

2011

við meðferð sjúkdóma og er meira að segja minn upp umræða um að gefa út „lyfseðla“ á skógardvöl í stað tiltekinna lyfja. Rannsóknir sýna einnig sýnt að trjágróður í borgum getur verið úr tíðni glæpa.

En mikilvægasta gildi skóga er fyrir lífkerfi jarðar. Um tvo þriðju tegunda á jörðinni er að finna í skógum og 80% allra landtegunda, þótt skógar þeki ekki nema rúm 30% lands. Skógar hafa margvíslegri umhverfisþjónustu. Þeir binda, miðla og hreinsa vatn, mynda jarðveg, hafa undir hringrás næringarefna og hreinsa loft. Skógar hafa oft verið kallaðir lungu jarðar, vegna þess að þeir taka til sín kolefni úr andrúmsloftinu. Hefur Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) áætlað að magn kolefnis geymt í skógum (í trjám og jarðvegi) er um tvöfalt það magn kolefnis sem finnst í andrúmsloftinu.

andi

viðnum og sérvinnslu úr honum með þróun á öðrum sem gætu orðið „Marimekko“ Íslands? Er við auðveldlega gert hvorutveggja?


Það ráðstefnunni standa áhugasamir skógareigendur og Nýsköpunarmiðstöð Íslands, en þar á bæ kemur sér fyllilega grein fyrir þeim möguleikum felast í aukinni skógrækt á Íslandi og nýttviðarins. IKEA er stuðningsaðili ráðstefnunnar og landsbankinn hefur einnig lýst áhuga á að koma að nýsköpunar- og sprotastarfi tengdu þessum kaefniviði. Skógareigendur og skógræktendur ræfa því að huga að vöruþróun, mun meira og óþar en þeir hafa gert hingað til og vera óhræddir gegga á miðin“, segir Hulda að lokum.



Þrátt fyrir þetta mikilvægi skóga er skógareyðing mikil – um 130.000 km² árlega samkvæmt mati FAO. Orsakir skógareyðingar eru margþættar – ósjálfbært timburhögg, léleg umsýsla lands, felling til að fá ræktarland eða land undir þéttbýli, skógareldar og margt fleira. Skógareyðing á stóran þátt í losun kolefnis út í andrúmsloftið – um 20% af árlegri losun samkvæmt mati Alþjóðabankans. Útlitið er þó ekki alveg svart. Skógareyðing er enn gífurleg í mörgum löndum, sérstaklega í S-Ameríku og Afríku, en þó hefur heldur dregið úr henni almennt undanfarin áratug og kemur þar ýmislegt til. Dregið hefur úr hraða eyðingar í löndum eins og Brasilíu og Indónesíu og hafin hefur verið mikil gróðursetning í sumum löndum, t.d. Kína, Víetnam og Indlandi. Er Kína alveg sér á parti í því samhengi, því undanfarin ár hefur árleg aukning skóga verið um 40.000 km². Á heildina litið dragast skógar heimsins þó enn saman – um rúmlega 50.000 km² á ári.

Á alþjóðaári skóga er vert að hafa í huga: lífið eins og við þekkjum það, bæði lífið á jörðinni og efnahagur mannkyns, væri óhugsandi án skóga.

Nánar má kynna sér Alþjóðaárið á heimasíðu þess hjá Sameinuðu þjóðunum: www.un.org/en/events/iyof2011/preparations.shtml. Einnig á íslenska vefnum www.arskoga2011.is, en þar verður að finna upplýsingar um íslenska aðstandendur átaksársins og umfjöllun um ýmsa viðburði sem því eru sérstaklega tengdir.



Skógar leika grundvallarhlutverk í vatnsbúskap jarðar (Mynd: RF).

Merki alþjóðaárs skóga

Alþjóðlegt ár skóga 2011 er haldið að áeggjan Sameinuðu þjóðanna til aðildarríkja sinna, meðal annars um „að samstillt átak þurfi til að auka vitund á öllum sviðum til að styrkja sjálfbæra umhirðu, vernd og þróun allra skógargerða til hagsbóta fyrir núlifandi og óbornar kynslóðir.“

Merki ársins er hannað um þemað *þetta gerir skógurinn fyrir þig* og það sýnir í hnotskurn fjölþætt gildi skóganna fyrir lífríki og umhverfi. Allir skógar, ræktaðir og óræktaðir, veita skjól og eru mikilvæg búsvæði fjölmargra lífvera, þar á meðal mannsins. Í skógum er uppspretta matar og þeir varðveita og bæta gæði ferskvatns, þeir eru mikilvægir fyrir jarðvegsvernd og gegna mikilvægu hlutverki í að viðhalda stöðugu loftslagi á hnattræna vísu og jafnvægi í umhverfinu. Úr skógum fáum við vistvænt, endurnýjanlegt og endurvinnanlegt byggingarefni og efni við í margskonar hönnun og nýsköpun. Þessir þættir og miklu fleiri undirstrika að skógar eru ómissandi fyrir vellíðan og velferð fólks alls staðar í heiminum.



**ALÞJÓDLEGT ÁR
SKÓGA • 2011**



Laufblaðið rafvæðist

Eins og fram kom í síðasta tölublaði Laufblaðsins stendur til að rafvæða Laufblaðið og verður þetta tölublað það síðasta sem kemur út á pappír.

Laufblaðið hóf fyrst göngu sína árið 1992, í A-4 broti og prentað í svart-hvítu. Blaðið hefur gengið í gegnum nokkrar breytingar síðan – stækkað í broti, blaðsíðum fjölgað og tekið lit. Á upphafsárum sínum var blaðið mikilvægur miðill fyrir fréttir frá skógræktarfélögunum og skilvirkur miðill til þess. Frá þeim tíma hefur hins vegar almenn miðlun upplýsinga tekið miklum breytingum – sprenging hefur orðið í fjölda heimasíðna og notkun tölvupósts, bloggíð, MySpace, Facebook og aðrar samskiptasíður komið til sögunnar – og því eru æ fleiri sem fá sínar fréttir og upplýsingar stafrænt, í gegnum tölvupóst eða á vefnum.

Er það von okkar að þessi nýjasta breyting á útgáfu Laufblaðsins mælist vel fyrir.

Eru allir félagsmenn hvattir til að senda nafn og netfang til Skógræktarfélags Íslands (skog@skog.is) sem fyrst, til að tryggja að hið rafræna Laufblað skili sér til þeirra vandræðalaust.

Skógur á Miðnesheiði

Þegar flogið er inn til landingar á flugvellinum á Miðnesheiðinni spyrja margir útlandingar: „Ösköp er þetta eyðilegt. Hvar eru eiginlega öll trén“? Viðkvæðið hjá landanum hefur oftast verið að hér sé harðbýlt, trjáleysið sé merki um veðurfar og aðstaður og þetta sé okkar sérstaða. Þetta viðhorf rifjaðist upp þegar ég las fréttna *Ótrúleg saga trés* í Víkurfréttum í haust, en þar mátti sjá mynd af Sveini Guðnasyni undir háu sitkagreni sem vex á víðavangi á Miðnesheiðinni. Ræktunarsaga trésins er ótrúleg, en fyrst og fremst er ótrúlegt að tréð skuli yfirleitt vaxa á þessum stað. Og reyndar líka að skammt frá sitkagreninu vex gullregn sem þrífst þarna ágætlega á berangrinum. Nokkru sunnar á heiðinni má sjá þyrpingar af sitkagreni þar sem áður var Rockville, innan og utan flugvallargirðingar má sjá tré í góðum vexti og góður árangur hefur einnig náðst við Rósaselsvötn.

Það er kannski ekki von að ferðamenn í aðflugi eða akandi eftir Reykjanesbrautinni taki eftir þessum fáu trjám, en íbúar á svæðinu ættu að vita af þeim – og draga af þeim eðlilega ályktun – þá að vel er hægt að rækta tré á Miðnesheiðinni. Veðurfar og illa farið land kemur ekki í veg fyrir það. Hægt er að rækta skóg á stóru svæði á Miðnesheiðinni og breyta hinni eyðilegu ásýnd í frjósamt og skjólgott land. Þetta gæti ýmsum þótt ótrúlegt, en staðreynd er það engu að síður. Sá sem þetta skrifar er garðyrkjumaður með allmikla reynslu af skógrækt í svokölluðu erfiðu landi, bæði við sjó og til fjalla. Ég fullyrði að hér væri með réttum aðferðum og litlu fjármagni hægt að rækta mannhæðarháan skóg á aðeins tíu árum um alla Miðnesheiðina. Það krefst reyndar mikils mannafla en það ætti að teljast kostur við ríkjandi aðstaður.

Hin margvíslegu góðu áhrif sem skógurinn hefur, bæði á lífríkið og mannlífið, eru vel kunn og óparfi að rekja þau hér. Um allan heim eru skógar álitnir blessun – „guðsgjöf“. Víðáttumiklir skógar á láglandi hér á landi ættu með réttu að vera hið eðlilega, sjálfsagða ástand. Auk annars skapar skógurinn bein störf í framtíðinni, bæði tengd útivist og ýmis konar viðarvinnslu. Það sem við gerum í dag á sviði skógræktarinnar mun koma okkur öllum til góða síðar meir, börnum okkar, barnabörnum og svo áfram. – Þess vegna er okkur ekkert að vanbúnaði að rækta skóg á Miðnesheiðinni.

Kristján Bjarnason

Fullkomnasta skógarplöntustöð landsins!

Barri Skógræktarstöð

Barri hf rekur fullkomnustu skógarplöntustöð á Íslandi að Valgerðarstöðum 4 í nágrenni Egilsstaða.

Barri er leiðandi fyrirtæki í innleiðingu nýjunga á sviði skógarplönturæktunar og hefur byggt sérhannaða kæli- og frystigeymslu fyrir skógarplöntur.

Til sölu verða í vor ýmsar tegundir skógarplantna bæði í pappakössum af frysti og bökkum með plöntun yfirvetruðum á hefðbundinn hátt.

Barri hf. rekur Gróðrarstöðina á Tumastöðum í Fljótshlíð.

Á Tumastöðum verða til sölu flestar tegundir skógarplantna og pottaplöntur sem eru ræktaðar hjá fyrirtækinu.

Barri selur og sendir skógarplöntur um allt Ísland auk Færeyja og Grænlands.

Ræktunargeta Barra er allt að 130 þúsund fjölpottabakkar á ári.

www.barri.is • barri@barri.is

Barri hf. Valgerðarstaðir 4 • 701 Egilsstaðir • sími: 471 2371 / 899 4371
Tumastaðir • 861 Hvolsvöllur • sími: 481 3171

Áburðamjöl

- gott fyrir allan gróður

Lífrænn áburður og jarðvegsbætandi efni

Áburðamjöl hefur lengi verið notað í áburðartilgangi með góðum árangri ekki síst vegna þess hversu seinleystur áburðurinn er og áhrifin vara lengi. Einnig er það staðreynd að mjólið inniheldur fjölbreytt úrval næringarefna sem gangnast plöntum og smádyralífi í jarðveginum mun betur en t.d tilbúinn áburður. Áburðamjólið er einnig fyrirtaksáburður á grasflötinn eða undir þökurnar.

Áburðamjöl er ákjósanlegur áburður til landgræðslu og til uppbyggingar á gróðursnauðum svæðum.

Áburðamjöl hentar vel fyrir tré, runna, grasflatir, blóm og undir torf þar sem þetta er mjög fosfóríkur áburður.

ÁBURÐAR- OG ORKUGERÐIN EHF.
HEIÐARGERÐI 5, 801 SELFÖSS, SÍMI 482 3553
KJOTMJOL@SUDURLAND.IS, WWW.KJOTMJOL.IS

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Reykholahreppur

Reykholahreppur, Maríutröð 5a

Ísafjörður

Bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar,
Hafnarstræti 1

Félag opinberra starfsmanna á
Vestfjörðum, Aðalstræti 24

KNH ehf, Grænagarði
Menntaskólinn á Ísafirði, Torfnesi

Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður, Aðalstræti 12

Súðavík

Víkurbúðin ehf, Grundarstræti 1-3

Patreksfjörður

Oddi hf, fiskverkun, Eyrargötu 1

Árneshreppur

Hótel Djúpavík ehf, Árneshreppi

Blönduós

Gullregn - garðplöntustöð, Auðkúlu 1

Skagaströnd

Sveitarfélagið Skagaströnd,
Túnbraut 1-3

Sauðárkrókur

Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
K-Tak ehf, Borgartúni 1
Leiðbeiningamiðstöðin, Aðalgötu 21
Skagafjarðarveitur ehf,
www.skv.is, Borgarteigi 15
Útgerðarfélagið Sæfari ehf, Hrauni

Varmahlíð

Akrahreppur, Skagafirði

Akureyri

Höldur - Bílaleiga Akureyrar,

Tryggvabraut 12

Ísgát ehf, Lónsbakka

Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b

Orlofsbyggðin Illugastöðum, Fnjóskadal

Raftákn ehf, Glerárgötu 34

Toyota Akureyri, Baldursnesi 1

Dalvík

Promens Dalvík ehf, Gunnarsbraut 12

Ólafsfjörður

Árni Helgason ehf, Hlíðarvegi 54

Laugar

Framhaldsskólinn á Laug-
um, Laugum Reykjadal
Gistiheimilið Stóru-Laugar,
sími 464 2990, Stóru-Laugum

Mývatn

Eldá ehf, Helluhrauni 15

Vopnafjörður

Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlíð 15

Egilsstaðir

AFL - starfsgreinafélag, Miðvangi 2-4
Bílamálun Egilsstöðum ehf,
Fagradalsbraut 21-23

Dagskráin Austurlandi, Miðvangi 1
Héraðsskjalasafn Austfirðinga,
Laufskógum 1

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf,
Einhleypingi 1

Seyðisfjörður

Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

Reyðarfjörður

Tærgesen ehf, Búðargötu 4

Neskaupstaður

Pálmi Þór Stefánsson, Hafnarbraut 1

Rafgeisli Tómas R Zoéga ehf,

Hafnarbraut 10

Síldarvinnslan hf, útgerð,
Hafnarbraut 6

Höfn í Hornafirði

Hornabrauð ehf, Litlubrú 1

Skinney - Þinganes hf, Krossey
Þrastarhóll ehf, Kirkjubraut 10

Selfoss

Búnaðarfélag Bláskógarbyggðar,
Dalbraut 1

Búnaðarfélag Grafningshrepps,
Villingavatni

Búnaðarsamband

Suðurlands, Austurvegi 1

Garðyrkjustöðin Kvistar ehf.,

Lyngbraut 1, Biskupstungum

Jóhann Helgi og Co ehf, Vatnsholti 2

Vélaverkstæði Þóris ehf,

Austurvegi 69

Ölur, skógræktarstöð,

Sólheimum Grímsnesi

Hveragerði

Ficus ehf, Bröttuhlíð 2

Flúðir

Flúðafiskur, Borgarási

Hvolsvöllur

Anna og Árni á Akri, Akri

Kirkjubæjarklaustur

Skaftárhreppur, Klausturvegi 15
Skógræktarfélagið Mörk, Klausturvegi

Vestmannaeyjar

Bókasafn Vestmannaeyja, Safnahúsinu

Atvinnuáttak Skógræktarfélags Íslands 2011:

Skapar á annað hundrað ársverk

Undanfarintvörf hefur Skógræktarfélag Íslands staðið fyrir atvinnuáttaks-
verkefni í samstarfi við samgöngu-
ráðuneytið (nú innanríkisráðuneytið),
staðbundin skógræktarfélög, sveitar-
félög og Vinnumálastofnun. Árið 2009
voru gerðir samningar við 17 sveitar-
félög um 53 ársverk. Vegna óvissu um
fjárveitingu til verkefnisins árið 2010
voru gerðir samningar við ný sveitar-
félög um 45 ársverk það ár. Nú liggur
fjárveiting fyrir og er stefnt á að skapa
allt að 125 ársverk við margvísleg

skógræktar- og umhverfisverkefni, allt
frá gróðursetningu til grisjunar. Átakið
hefur þegar verið kynnt fyrir fulltrúum
skógræktarfélaga og sveitarfélaga og
um þessar mundir er verið að undirbúa
verkefni ársins.

Árangurinn af áttakinu hefur verið
góður og í nafni þess hefur verið unn-
ið að mörgum brýnum verkefnum á
skógræktarsvæðum um land allt. Um
leið hefur tekist að skapa fjölda at-
vinnulausra og námsmanna vel þegna
vinnu á einhverjum mestu atvinnuleys-

istímum sem þjóðin hefur upplifað.
Annar ávinningur af verkefninu er sá
að fyrir tilstilli þess hafa margir upp-
götvað skemmtilega skógarreiti í næsta
nágrenni við heimabyggð sína. Þetta
fólk sem í flestum tilfellum er ungt
að árum hefur því ekki aðeins kynnst
hefðbundnum skógræktarstörfum
heldur hefur það lært að meta skóginn
sem útivistarsvæði og náttúruvin. Það
er mikils virði fyrir alla sem vinna að
því að efla og bæta skógarmenningu á
Íslandi.



Efla skógrækt í laufdölum

Skógræktarfélag Bíldudals ásamt Arnfirðingafélaginu og Skógræktarfélagi Íslands hafa ákveðið að vinna að samstarfi við heimamenn á Bíldudal og í Vesturbyggð um skógræktaráttak á næstu árum. Hugmyndin er að efla þá skógrækt sem fyrir er og þetta ræktunina fyrir ofan Bíldudal en þar var hafist handa við ræktun fyrir um 20 árum. Þar er nú að vaxa fallegur og skjólsæll skógur sem hægt er að sinna enn betur á næstu árum. Vinna þarf að stígagerð um svæðið og koma upp hentugum dvalarstöðum með bekkjum og borðum, auka tegundafjölbreytni og bæta og stækka svæðið lengra upp í hlíðina.

Þá er einnig hugmyndir um að hefja skógrækt á stóru svæði innar í dalnum og tengja við eldri skógarreit frá tímum Skógræktarfélags V-Barðstrendinga en þar hófst gróðursetning fyrir um 50 árum í svokölluðum Seljadal. Hugmyndin er svo að hægt

verði að tengja þessi svæði með greiðfærum og góðum göngustíg þegar fram líða stundir.

Margir vilja leggja þessu verkefni lið. Í tengslum við viðburðinn Bíldudals grænar eða Baunahátíðina, sem orðin er árleg samkoma Bíldælinga í lok júní, verður meðal annars unnið að gróðursetningu 6000 trjáplantna auk fleiri verkefna.

Til gamans má geta þess að helsti skrímslasérfræðingur landsins, Þorvaldur Friðriksson, hefur lagt mikið af mörkum við uppbyggingu skrímslasetursins á Bíldudal en hann er einnig áhugamaður um örnefni og uppruna þeirra og telur að Bíldudalur sé nafn sem komið sé úr gelísku og merki á því máli laufdalur. Þetta er ekki ólíklegt, enda þar vestra vel þekkt örnefni ættuð frá Írlandi, svo sem Dufansdalur, Otradalur, Trostansfjörður og Patreksfjörður.



Eins og sjá má er nóg pláss eftir í hlíðinni fyrir ofan bæinn til að setja niður tré og með því að fjölga tegundum er hægt að útbúa mjög skemmtilegt útivistarsvæði (Mynd: BJ).

STIHL KM

Einn mótör - tengist í mörg tæki!

COMBI-SYSTEM

Combi-system er ný tækni frá hinum heimspektta framleiðanda Stihl. Með þessari tækni er nú hægt að tengja fjölda hluta við einn og sama mótörinn, s.s. sláttuor, limgerðisklippu, keðjusög, kantskera o.fl. Þú þarft ekki lengur að fylla bílskúrinn af vélum, Combi-system leysir þau öll af hölm!

FS-KM
Sláttuor

HL-KM
Limgerðisklippa

HT-KM
Keðjusög

FCB-KM
Kantskeri

KB-KM
Söpur

BF-KM
Jarðvegstætari

STIHL

STIHL – fyrir atvinnumanninn
nú einnig áhugamanninn!



heimur heillandi hluta og hugmynda

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is




Frá heimsókn formanns og framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Íslands til Skógræktarfélags S-Þingeyinga (Mynd: BJ).

Ýmislegt í gangi hjá Skógræktarfélagi S-Þingeyinga

Formaður og framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands heimsóttu Skógræktarfélag S-Þingeyinga síðast liðið sumar til að kynna sér hvað félagið er að vinna að. Félagið hefur sett sér metnaðarfullan verkefnalista. Nú þegar er búið að grísa og kurlbera einn gönguslóða í Fossselsskógi. Einnig er fyrirhugað að fá sjálfboðaliða frá Seeds samtökunum næsta haust til að vinna að stígagerð, merkingu trjáa, lagfæringum á skiltum og öðru viðhaldi. Búið er að vinna grísjunar- og nýtingaráætlun fyrir skóginn og undirritaður hefur verið samningur til eins árs við fyrirtækið Fellsskóg, um grísjun í skóginum, en þeir vinna spæni og sag úr viðnum. Einnig er verið að vinna að fjármögnun á vegabótum, til að gera veginn inn í skóg greiðfærari. Það hefur því ýmislegt verið í gangi hjá Skógræktarfélaginu.

Eignastýring MP banka

ÁRANGUR OKKAR TALAR SÍNU MÁLI



Meðalávöxtun er 14,4% á síðustu 8 árum.*

Súluritið sýnir ávöxtun leiðar 1 hjá eignastýringu MP banka 2003-2010. Leið 1, varfærin stýring, má fjárfesta í skuldabréfum 50-100% og hlutabréfum 0-50%. Öll innlend hlutabréf leiðarinnar voru seld fyrir mitt árið 2008. Starfsfólk eignastýringar hefur vakandi auga fyrir nýjum tækifærum sem kunna að myndast á hlutabréfamarkaði á næstunni. Meðalverðbólga er 6,4% á síðustu 8 árum.

* Nafnávöxtun eignastýringarleiðar 1, 2003-2010 skv. útreikningi MP banka. Ávöxtun miðast við söfn í stýringu allt árið. Ávöxtun er sýnd án þóknana en þær eru mismunandi eftir stærð safna. Um 65% viðskiptavina eignastýringar MP banka eru nú í leið 1. Athugið að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

14,4%

Meðalávöxtun á síðustu 8 árum*

MP banki hefur langa reynslu af eignastýringu fyrir einstaklinga, félög og sjóði. Aðferðafræði eignastýringar MP banka hefur skilað viðskiptavinum framúrskarandi árangri óháð markaðsaðstæðum hverju sinni.

Kynntu þér eignastýringu MP banka á www.mp.is eða hafðu samband í síma 540 3200.



BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

Tré í Reykjavík

Þann 18. janúar ákvað borgarstjórn Reykjavíkur að fela garðyrkjustjóra Reykjavíkur að móta áætlun um fækkun aspartrjáa í miðborginni. Er það í samræmi við pistill sem Jón Gnarr borgarstjóri ritaði í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna, þar sem hann lýsti þeirri skoðun sinni að garðahlynur og birki væru mun fallegri tré en ösp og hentugu betur í borginni. Var nokkur umræða um þessa ákvörðun í kjölfarið og sýndist sitt hverjum. Í framhaldi af þessu héldu Landbúnaðarháskóli Íslands, Reykjavíkurborg og Félag iðn- og tæknigreina fund í febrúar um tré í borgum, þar sem farið var yfir margvísleg málefni því tengd - trjátegundir í ræktun í þéttbýli, hvaða kostum götutré þurfa að búa yfir, hvaða gæði er verið að búa til með trjám og gróðri í borgum og fleira.

Nú er það svo að mörg hverfi í Reykjavík eru líkt og gisinn skógur yfir að líta, en mikill trjágróður er innan borgarlandsins. Þegar betur er að gáð kemur hins vegar í ljós að megnið af þeim gróðri er í einkagörðum borgaranna, en ekki á sameiginlegu landi borgarinnar (gangstéttum, umferðareyjum, opnum svæðum o.s.frv.). Gróðursetning í einkagörðum á sér rúmlega aldar sögu, en það sama gildir ekki um götutré. Kom fram á fundinum í febrú-

ar að stutt er síðan byrjað var að planta trjám við götur. Fyrstu trén í miðbæ Reykjavíkur voru ekki sett niður fyrr en um miðjan níunda áratuginn. Var þá sett niður nokkuð af öspum, enda var hún talin hafa ýmsa kosti sem götutré og hefur reynslan sannað það, því hún hefur þrífist ágætlega. Það er nefnilega alls ekki öllum trjám gefið að þrífast vel sem götutré. Loftmengun getur haft áhrif á lauf. Rótarrými er oft takmarkað, bæði vegna þess að jarðvegurinn er oft þjappaður (og súrefnissnauður) og vegna þess að í sama, eða nálægu, rými þarf að koma fyrir ýmsum lögnum og grunnnum húsa. Vatn er oft takmarkað, þar sem minna regnvatn hripar niður í jarðveginn, vegna malbiks og hellulagna. Það þarf því virkilega að vanda til vals þegar götutré eru valin. Tré í nálægum görðum geta vissulega gefið vísbendingar um hvað muni þrífast, en hafa verður í huga að tré hafa iðulega heldur betri lífsskilyrði þar (meira rými og vatn) en við göturnar.

Það er góðra gjalda vert að vilja auka fjölbreytni í tegundum götutrjáa – hvert tré hefur sinn þokka og smekkur fólks á trjám er jú misjafn – en vegna þess hve stutt er síðan farið var að setja niður götutré hér á landi vantar meiri reynslu í þeim efnum. Óviss er með ýmsar tegundir hvort þær geti þrífist



Hvaðan kemur græni gróðurliturinn í borgarlandinu? Að stærstum hluta frá einkagörðum (Mynd: BJ).

við þær erfiðu aðstæður sem götutré búa við. Því má velta fyrir sér, hvort ekki væri nær að byrja á að fjölga trjám af öðrum tegundum til að fá reynslu á

þær, áður en farið er í verulega fækkun á þeim trjám sem nú þegar finnast? Þegar vel er að gáð, eru sameiginleg tré borgarbúa nefnilega ekki svo mörg.

Vetrarskógar

Skógræktarfélög um land allt hafa komið upp hinum fjölbreyttustu og fallegustu útivistarskógum, sem heimsækja má allt árið um kring. Þótt fleiri leggi ef til vill leið sína í skógana á sumrin bjóða skógar upp á mjög skemmtilega upplifun á veturna, eins og sjá má á þessum svipmyndum úr skógarreitum skógræktarféлага.



Snjórinn getur sett fallegan svip á skóginn. Hér er það skógur Skógræktarfélags Reykjavíkur á Heiðmörk, sem hefur fengið snjó „púðrað“ á sig (Mynd: BJ).



Leiktækin eru skemmtileg á hvaða árstíma sem er. Þessi eru hjá Skógræktarfélagi Eyfirdinga í Kjarnaskógi (Mynd: RF).



Úr skógarreit Skógræktarfélags Skilmannahrepps í hlíðum Akrafjalls. Séð frá Furuhlíð (kaffiskúr skógræktarfélagsins). Skarðsheiði í baksýn (Mynd: Bjarni O.V. Þóroddsson).


Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ



Barnahornið



Krakkar!

Hjálpið skógarbirninum að ná blöðrunum.



VORGÁTAN

Nýju fötin fjallkonunnar

Ljóð sem birtist í Ársriti Skógræktarfélags Íslands 1953 „ort af mjög miklum áhugamanni um skógrækt“. Höfundur J.S.

$\frac{r}{21} \frac{\ddot{o}}{17} \frac{r}{27} \frac{n}{22} \frac{r}{11} \frac{r}{17} \frac{r}{24} \frac{n}{11} \frac{r}{20} \frac{r}{3} \frac{r}{26} \frac{r}{25} \frac{r}{26} \frac{r}{29} \frac{r}{21} \frac{\ddot{o}}{26} \frac{r}{17} \frac{\ddot{o}}{22} \frac{r}{1} ,$
 $\frac{r}{21} \frac{n}{17} \frac{n}{31} \frac{r}{20} \frac{r}{1} \frac{r}{29} \frac{r}{12} \frac{r}{14} \frac{r}{26} \frac{r}{6} \frac{r}{6} \frac{r}{26} \frac{r}{7} \frac{r}{15} \frac{r}{26} \frac{r}{17} \frac{r}{22} \frac{r}{1} .$
 $\frac{r}{30} \frac{r}{18} \frac{r}{6} \frac{r}{6} \frac{r}{8} \frac{r}{3} \frac{r}{31} \frac{r}{6} \frac{r}{6} \frac{r}{1} \frac{r}{30} \frac{r}{17} \frac{r}{11} \frac{r}{24} \frac{r}{1} \frac{r}{17} ,$
 $\frac{r}{30} \frac{r}{3} \frac{r}{29} \frac{r}{16} \frac{r}{17} \frac{r}{19} \frac{r}{26} \frac{r}{26} \frac{r}{22} \frac{r}{31} \frac{r}{1} \frac{r}{20} \frac{r}{7} \frac{r}{7} \frac{r}{11} \frac{r}{24} \frac{r}{1} \frac{r}{17} .$
 $\frac{r}{8} \frac{r}{6} \frac{r}{24} \frac{r}{11} \frac{r}{17} \frac{r}{7} \frac{r}{9} \frac{r}{17} \frac{r}{31} \frac{r}{16} \frac{r}{16} \frac{r}{11} \frac{r}{17} \frac{r}{3} \frac{r}{1} \frac{r}{22} \frac{r}{27} \frac{r}{7} \frac{r}{26} ,$
 $\frac{r}{18} \frac{r}{7} \frac{r}{9} \frac{r}{2} \frac{r}{21} \frac{r}{5} \frac{r}{1} \frac{r}{17} \frac{r}{15} \frac{r}{1} \frac{r}{22} \frac{r}{6} \frac{r}{14} \frac{r}{27} \frac{r}{7} \frac{r}{26} .$
 $\frac{\ddot{o}}{3} \frac{r}{29} \frac{\ddot{o}}{22} \frac{r}{1} \frac{r}{17} \frac{\ddot{o}}{24} \frac{\ddot{o}}{31} \frac{\ddot{o}}{22} \frac{r}{3} \frac{r}{31} \frac{r}{21} \frac{r}{7} \frac{r}{31} \frac{r}{24} \frac{r}{28} \frac{r}{9} \frac{r}{17} \frac{r}{32} \frac{r}{22} \frac{r}{1} \frac{r}{17} ,$
 $\frac{\ddot{o}}{3} \frac{r}{31} \frac{r}{21} \frac{r}{11} \frac{r}{11} \frac{r}{24} \frac{r}{12} \frac{r}{14} \frac{r}{26} \frac{r}{6} \frac{r}{6} \frac{r}{26} \frac{r}{10} \frac{r}{6} \frac{r}{29} \frac{r}{22} \frac{r}{1} \frac{r}{17} .$
 $\frac{R}{17} \frac{n}{31} \frac{r}{4} \frac{r}{20} \frac{r}{1} \frac{r}{17} \frac{n}{26} \frac{n}{20} \frac{r}{21} \frac{r}{26} \frac{r}{17} \frac{r}{29} \frac{r}{17} \frac{n}{26} \frac{n}{20} \frac{n}{20} \frac{r}{1} ,$
 $\frac{r}{17} \frac{n}{11} \frac{n}{20} \frac{n}{20} \frac{r}{11} \frac{r}{17} \frac{r}{31} \frac{r}{17} \frac{r}{7} \frac{r}{13} \frac{r}{17} \frac{r}{10} \frac{r}{3} \frac{r}{31} \frac{r}{17} \frac{r}{7} \frac{r}{21} \frac{r}{17} \frac{r}{26} \frac{r}{20} \frac{r}{20} \frac{r}{1} .$
 $\frac{r}{6} \frac{r}{31} \frac{r}{17} \frac{r}{15} \frac{r}{1} \frac{\ddot{o}}{24} \frac{\ddot{o}}{31} \frac{\ddot{o}}{22} \frac{n}{6} \frac{n}{26} \frac{n}{11} \frac{n}{12} \frac{n}{1} \frac{n}{11} \frac{n}{20} \frac{n}{21} \frac{n}{11} ,$
 $\frac{\ddot{o}}{6} \frac{\ddot{o}}{14} \frac{\ddot{o}}{27} \frac{\ddot{o}}{22} \frac{\ddot{o}}{1} \frac{\ddot{o}}{22} \frac{r}{3} \frac{r}{31} \frac{r}{15} \frac{r}{11} \frac{r}{17} \frac{r}{8} \frac{n}{16} \frac{n}{11} \frac{n}{20} \frac{n}{21} \frac{n}{11} .$
 $\frac{r}{7} \frac{r}{27} \frac{r}{6} \frac{r}{5} \frac{r}{31} \frac{r}{17} \frac{r}{7} \frac{r}{13} \frac{r}{13} \frac{r}{21} \frac{r}{29} \frac{r}{10} \frac{r}{17} \frac{r}{18} \frac{r}{20} \frac{r}{20} \frac{r}{11} \frac{r}{24} ,$
 $\frac{r}{7} \frac{r}{1} \frac{r}{16} \frac{r}{14} \frac{r}{26} \frac{r}{8} \frac{r}{15} \frac{r}{3} \frac{r}{1} \frac{r}{7} \frac{r}{16} \frac{r}{11} \frac{r}{24} \frac{r}{21} \frac{r}{17} \frac{r}{18} \frac{r}{20} \frac{r}{20} \frac{r}{11} \frac{r}{24} .$
 $\frac{r}{17} \frac{r}{1} \frac{r}{12} \frac{r}{7} \frac{r}{5} \frac{r}{31} \frac{r}{17} \frac{r}{1} \frac{r}{20} \frac{r}{17} \frac{r}{26} \frac{r}{11} \frac{r}{22} \frac{r}{11} \frac{n}{10} \frac{n}{26} \frac{n}{20} \frac{n}{21} \frac{n}{26} ,$
 $\frac{r}{17} \frac{r}{27} \frac{r}{7} \frac{r}{26} \frac{r}{17} \frac{\ddot{o}}{3} \frac{\ddot{o}}{1} \frac{\ddot{o}}{22} \frac{n}{6} \frac{n}{14} \frac{n}{27} \frac{n}{7} \frac{n}{26} \frac{n}{20} \frac{n}{3} \frac{n}{26} \frac{n}{20} \frac{n}{21} \frac{n}{26} .$
 $\frac{r}{12} \frac{r}{11} \frac{r}{17} \frac{r}{26} \frac{r}{21} \frac{r}{17} \frac{r}{23} \frac{r}{17} \frac{r}{11} \frac{r}{9} \frac{r}{9} \frac{r}{1} \frac{r}{29} \frac{r}{12} \frac{r}{14} \frac{r}{26} \frac{r}{6} \frac{r}{6} \frac{r}{1} ,$
 $\frac{r}{12} \frac{r}{18} \frac{r}{21} \frac{r}{11} \frac{r}{17} \frac{r}{8} \frac{r}{15} \frac{r}{6} \frac{r}{31} \frac{r}{16} \frac{r}{16} \frac{r}{26} \frac{r}{7} \frac{r}{16} \frac{r}{26} \frac{r}{6} \frac{r}{6} \frac{r}{1} .$
 $\frac{n}{31} \frac{n}{1} \frac{n}{20} \frac{n}{1} \frac{n}{17} \frac{r}{16} \frac{r}{31} \frac{r}{4} \frac{r}{21} \frac{r}{1} \frac{r}{17} \frac{r}{19} \frac{r}{16} \frac{n}{26} \frac{n}{20} \frac{n}{21} \frac{n}{26} ,$
 $\frac{n}{19} \frac{n}{12} \frac{n}{1} \frac{n}{20} \frac{n}{20} \frac{r}{11} \frac{r}{24} \frac{r}{5} \frac{r}{17} \frac{r}{31} \frac{r}{15} \frac{r}{15} \frac{r}{11} \frac{r}{3} \frac{r}{26} \frac{r}{20} \frac{r}{21} \frac{r}{26} .$
 $\frac{r}{12} \frac{r}{14} \frac{r}{26} \frac{r}{6} \frac{r}{6} \frac{r}{28} \frac{r}{17} \frac{r}{26} \frac{r}{9} \frac{r}{1} \frac{r}{12} \frac{r}{17} \frac{r}{14} \frac{r}{8} \frac{r}{6} \frac{r}{7} \frac{r}{11} \frac{r}{24} \frac{r}{24} \frac{r}{27} \frac{r}{26} ,$
 $\frac{n}{12} \frac{n}{31} \frac{n}{21} \frac{n}{1} \frac{n}{20} \frac{n}{20} \frac{r}{3} \frac{r}{1} \frac{r}{6} \frac{r}{6} \frac{r}{24} \frac{r}{31} \frac{r}{21} \frac{r}{26} \frac{r}{21} \frac{r}{17} \frac{r}{27} \frac{r}{26} .$
 $\frac{n}{6} \frac{n}{4} \frac{n}{20} \frac{n}{21} \frac{r}{31} \frac{r}{17} \frac{r}{29} \frac{r}{10} \frac{r}{3} \frac{r}{31} \frac{r}{17} \frac{r}{17} \frac{r}{1} \frac{r}{6} \frac{r}{26} \frac{r}{11} \frac{r}{16} .$
 $\frac{\ddot{o}}{6} \frac{\ddot{o}}{2} \frac{\ddot{o}}{15} \frac{\ddot{o}}{1} \frac{\ddot{o}}{22} \frac{r}{31} \frac{r}{17} \frac{\ddot{o}}{15} \frac{\ddot{o}}{3} \frac{\ddot{o}}{23} \frac{\ddot{o}}{22} \frac{\ddot{o}}{26} \frac{\ddot{o}}{30} \frac{\ddot{o}}{17} \frac{\ddot{o}}{26} \frac{\ddot{o}}{11} \frac{\ddot{o}}{16} .$

1	
2	
3	
4	
5	
6	
7	
8	
9	
10	
11	
12	
13	
14	
15	
16	
17	R
18	
19	
20	N
21	
22	Ð
23	
24	
25	
26	
27	
28	
29	
30	
31	
32	

A
 Á
 B
 D
 Ð
 E
 É
 F
 G
 H
 I
 Í
 J
 K
 L
 M
 N
 O
 Ó
 P
 R
 S
 T
 U
 Ú
 V
 X
 Y
 Ý
 Þ
 Æ
 Ö

Leiðbeiningar

Hver bókstafur hefur ákveðið númer. Til að geta lesið ljóðið þarf að finna út hvaða númer samsvarar hvaða bókstaf. Þegar búið er að finna númer fyrir tiltekinn bókstaf er hann skrifaður við það númer í töflunni og strikað yfir hann á listanum yfir bókstafi. Allir bókstafir eru notaðir. Númer þriggja bókstafa eru gefin upp til að hjálpa ykkur af stað.